

Fundur Samút 1. febrúar 2023

Fjarfundur á Teams

Kl. 12:00 – 13:00

Mættir eru;

Sveinbjörn Halldórsson

Einar Haraldsson

Snorri Ingimarsson

Skúli H. Skúlason

Haukur Eggertsson

Sigríður Arna Arnþórsdóttir

Grétar Ingvarsson

Pórhallur Borgarsson

Karl Ingólfsson

Dagskrá fundarins

1. Breytingar í stjórn og svæðisráðum.
2. Drög um starfs- og siðarreglur í stjórn og svæðisráðum
3. Svæðisskipulag suðurlandis 2022 til 2042 – tillaga til kynningar

Sveinbjörn setur fundinn og fyrsta mál er tekið fyrir;

1. **Breytingar í stjórn og svæðisráðum.** Fram kemur að nú hefur nýr stjórnarformaður Jón Helgi Björnsson tekið við af Auði H. Ingólfssdóttur og jafnframt er kominn nýr formaður í svæðisráði suður, Sigurjón Andrésón í stað Matthildar Ásmundsdóttur. Fundarmenn ræða þetta fram og til baka, þessar breytingar og hugsanlegar ástæður fyrir þeim.
2. **Drög um starfs- og siðareglur í stjórn og svæðisráðum.** Þetta mál fær mikla umræðu og eru fundarmenn ekki ánægðir með hvernig nýr lögfræðingur þjóðgarðsins leggur þetta málefni fyrir svæðisráðin. Hann leggur áherslu á að fulltrúar Samút eigi að vinna fyrst og fremst með málefni þjóðgarðsins að leiðarljósi meðan við teljum okkur vera í þeirri trú að málefni baklandsins okkar, þ.e. Samút eigi að vera í forgrunni. Haukur er með það áhugaverða innlegg að stefna okkar og þjóðgarðsins sé oftast í takt. Bent er á þá staðreynd að allir verði að fara að lögum og við getum bara haft persónulega skoðun upp að vissu marki. Pórhallur bendir okkur á grein í Náttúrufræðingnum sem vert sé að lesa, grein sem birt sé á staðreyndum en ekki tilfinningum.
3. **Svæðisskipulag suðurlandis 2022 til 2042 – tillaga til kynningar.** Hér er um að ræða tillögu um svæðisskipulag sem hefur verið í vinnslu undanfarin ár á vegum 11 hreppa á Suðurlandi sem skipuðu með sér Svæðisskipulagsnefnd og verkefnisstjórn. Hér má sjá

niðurstöðu vinnunnar; [EFLA Skipulagsgögn - 7852-002-01-GRG-002-V15-Svæðisskipulag greinargerð.pdf - All Documents \(sharepoint.com\)](#)

Fundarmenn ræða þetta skjal fram og til baka og sínar skoðanir á innihaldi þess. Má þar helst nefna áætlanir um að malbika stofnvegi yfir hálendið. Háleit markmið t.d. um kyrrlát svæði sem fundarmönnum þykir vera helst til mikil túristalykt af. Stóra myndin sem snýr að Samút er að það virðist eiga að láglendisvæða hálendið. Við teljum að við þurfum að álykta um þetta og ákveðum að boða til framhaldsfundar á n.k. mánudag. 8. Febrúar og ganga frá ályktun sem þarf að skilast inn fyrir 12. Febrúar 2023. á netfangið sudurhalendi@sass.is.

Skráð af bestu vitund og minni

4. feb 2023

Sigríður Arna Arnþórsdóttir